

# TAKIÐ EFTIR MERKJUNUM



UST

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24 · 108 Rvk.  
Sími 591 2000 · Fax 591 2010  
ust@ust.is · www.ust.is

Eiturefni eru ekki leyfð í almennri sölu



Ætandi efni hafa valdið alvarlegum slysum

Ertandi efni geta valdið ertingu, roða og sviða í húð, augum eða öndunarfærum



Haldið eldfimum efnum fjarri hitagjöfum og eldi. Varist reykingar

Geymið hættuleg efni ávallt í upprunalegum umbúðum og ekki hjá matvælum eða öðrum neysluvörum



Æ fleiri efni reynast skaðleg umhverfinu. Hættulegum efnum ber að farga sem spilliefnum


Öryggislok gera börnum erfitt að opna umbúðir með hættulegum efnum en koma ekki í stað öruggrar geymslu

Hættuleg efni skal geyma þar sem börn ná ekki til, einnig á heimilum þar sem börn búa ekki að staðaldri



## LESIÐ ÁVALLT

varnaðarorð á umbúðum og fylgið leiðbeiningum



Upphleyptur þríhyrningur gerir blindum og sjónskertum viðvart um hættu



Berist efni í húð eða í augu skal skola með miklu vatni og leita læknis.

Gætið að loftræstingu við notkun

## FORÐIST ÓPARFA NOTKUN Á EFNAVÖRU